

Ásgerður sýnir í Ingólfs- stræti 8

Í dag opnar sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur í Ingólfsstræti 8. Ásgerður er löngu landskunn fyrir vefnað sinn. Hún er einn virtasti listamaður landsins og sýningin er hennar 11. einkasýning, sérstaklega unnin fyrir Ingólfsstræti 8. Sýningin ber heitið Prettán stökur og stendur til 22. desember.



Ásgerður Búadóttir opnar 11. einkasýningu sína í dag.

Nýtt ljóðskáld
sendir frá sér bók
**Fann
réttu
formið**
– segir Ólöf Jónsdóttir
sem hefur lagt fram
Frumvarp til ljóða.

„Ég var alltaf í ríminu en þegar ég lærði að lesa órímuð ljóð þá opnaðist mér nýr heimur. Mig langaði til að gera ljóð á auðmelttri íslensku þannig að hvert barn gæti séð í þeim einhvern kjarna sem mér finnst að tapist oft í miklu málskrúði.“ sagði Ólöf Jónsdóttir í spjalli við *Alþýðublaðið*.

Ólöf hefur sent frá sér sína fyrstu ljóðabók sem ber heitið *Frumvarp til ljóða*. Í henni eru 47 ljóð eða jafnmörg ár og skáldkonan á að baki. Ólöf sagði að ljóðagerðin væri sér frekar sem leikur en að hún væri að leita að sæti á einhverjum skáldabekk.

„Ljóðin lýsa meðal annars ýmsu því sem hefur verið að brjótast um í huga mér en mig vantaði farveg til að koma þessum hugsunum í orð þar til ég fann rétta formið. Um innihaldið verður svo hver og einn að dæma en ég kem til dyranna eins og ég er klædd. Mér fannst það dálítið gaman að á afmælinu mínu í haust sendi 12 ára gamall sonur minn mér frumort ljóðabréf og ef þessi litla ljóðabók mín gæti hvatt fleiri til að yrkja væri ég ánægð. Dóttir mín, sem er 14 ára, á kápumynd



Ólöf: Ljóð á auðmelttri íslensku.

bókarinnar og vinkona mín sá um hönnun.“ sagði Ólöf. Hún er fædd í Biskupstungum en bjó lengi á Akureyri áður en hún flutti til Reykjavíkur.

Frumvarp til ljóða kostar 1.500 krónur og fæst hjá Ey-mundsson í Reykjavík og í Bókabúð Jónasar á Akureyri. Hér fylgir eitt ljóð úr bókinni:

Herra minn trúr

Ég henti frá mér
hamingjunni
helmingi oftár
en ég kæri mig um
að muna.

Og lexían mín í lífinu
var að læra að elska
mig sjálfa.
Loks er eins og
blessuð skepnan skilji.



Auglýsing frá menntamálaráðu- neytinu

Menntamálaráðuneytið auglýsir lausa stöðu í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild ráðuneytisins.

Í starfinu felst einkum eftirfarandi:
vinna að þróun iðn- og starfsmenntunar,
vinna að námskrágerð á sviði iðn- og starfsmenntunar,
að veita upplýsingar um iðn- og starfsmenntun, umsjón með sveinsprófum.
Umsækjendur skulu hafa þekkingu á skólastarfi á framhaldsskólastigi, einkum á sviði iðn- og starfsmenntunar. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi. Laun samkvæmt launakerfi ríkisins.
Umsóknir berist menntamálaráðuneytinu fyrir 15. desember næstkomandi.

130 MILLJÓNIR

í enska pottinum

1X2

TOTO

Söluáskassur opnir til kl. 13:00 á laugardag

ef þú spilar til að vinna !

Nýr
staður

Hljómbær • Skeifunni 7 • 533 2500

Nýtt
verð

OPNUNARTILBOÐ

PIONEER

geislaspilari m/fjarstýringu, PD 203

Verð Afsl. Stagr.

28.200 6.300 21.900

PIONEER hljómtækjasamstæða, N-250

79.750 19.850 59.900

SHARP ferðatæki með geislaspilara, QTCD

24.875 7.975 16.900

SHARP ferðatæki, WQT 205

13.172 8.272 4.900

SHARP myndbandstæki, VCA 39

43.380 13.480 29.900



VCA 39

N-250



PD 203



WQT 205



QTCD 44

VERSLUNIN

HLJÓMBÆR

Skeifan 7 - sími: 533 2500

Nýjar
vörur

Nýtt
númer

Jólahvað?

Jólaglökk Alþýðuflokksins verður haldið laugardaginn 16. desember í Rísinu Hverf-ísgötu 105 kl. 20.30.

Veislustjóri:
Bryndís Schram

Dagskrá:
Hrafn Jökulsson flytur
heimatilbúna jólasögu
Leynigestur
Söngur, glens og gaman

Skemmtilega nefndin.

Alþýðuflokksfólk Reykjanesbæ

Fulltrúaráð alþýðuflokksfélaganna í Reykjanesbæ baðar til fundar laugardaginn 2. desember kl. 10:00 að Hafnar- götu 30. 3. hæð.

Fundarefni: **Heilbrigðismál**
Framsögumenn: **Rannveig Guðmundsdóttir**
Guðmundur Árni Stefánsson
Fundarstjóri: **Reynir Ólafsson**

**Allir velkomnir
stjórn fulltrúaráðsins.**

Jólafundur

Hinn árlegi jólafundur kvenfélags Alþýðuflokksins í Hafnarfirði verður haldinn á A.Hansen þann 30. nóvember. Boðið verður upp á frábært jólahlaðborð, skemmtiatriði, upplestur og hugvekju. Heiðursgestir kvöldsins verða engir aðrir en hjónin **Jón Baldvin Hannibalsson** og **Bryndís Schram**. Mæting er klukkan 20 og viljum við hvetja allar félagskonur til að koma og endilega taka gesti með sér.

Skemmtinefndin